

Til:

Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir

Dags. 13. ágúst 2020

Mnr. 2017010043



ÍSAFJARÐARBÆR

Hverfisráð og framkvæmdafé - tveggja ára verkefni

Bæjarstjóri og bæjarritari hafa undanfarið fundað með hluta hverfisráða sveitarfélagsins, en fyrirhugað er að funda með þeim sem eftir eru fyrir mánaðamót. Á fundum þessum hefur komið fram óánægja vegna óskilvirkni þeirra framkvæmda sem hverfisráð hafa óskað eftir að framkvæmdafé yrði nýtt í. Illa hafi gengið að koma verkefnum í framkvæmd og ónýtt framkvæmdafé ekki fært á milli ára í fjárhagsáætlun.

Verklagið hefur verið þannig að einu sinni á ári senda hverfisráð bæjarritara hugmyndir sínar til notkunar á „eyrnamerktu“ framkvæmdafé, kr. 2.000.000, skv. fjárhagsáætlun hvers ár. Óskir þessar hafa jafnan verið sendar sveitarfélaginu að vori á hverju ári. Bæjarritari hefur komið óskum þessum á framfæri til umhverfis- og eignasviðs, sem sér um skipulagningu, hönnun, verðkönnun og framkvæmd.

Erfiðlega hefur gengið að vinna eftir hugmyndum og óskum hverfisráða, og er það m.a. vegna tímasetningar framkvæmdaóska, að ótöldum miklum mannabreytingum á umhverfis- og eignasviði. Vinna við fjárhagsáætlanagerð fer fram að hausti fyrir komandi ár og er þá jafnan ákveðið hvaða framkvæmdir skal vinna árið á eftir og hve miklum fjármunum sé varið í hvert verkefni. Verkefni og óskir hverfisráða eru oft á tíðum vegna framkvæmda sem áætlað er að kosti meira en árlegt „eyrnamerkt“ framkvæmdafé. Nauðsynlegt er því að sveitarfélagið greiði með verkefninu, nema umrætt verkefni verði unnið á fleiri en einu ári. Auk þess fer oft mikill tími í hönnunarvinnu og útböð framkvæmdar. Það gefur því auga leið að óraunhæft er að óskir hverfisráða sem koma fram að vori, nái fram að ganga, þegar öll áætlanagerð er um garð gengin og sumarframkvæmdir í sveitarfélaginu að hefjast.

Með það að markmiði að gera verkferla skilvirkari er því lagt til við bæjarráð að samþykka að breyta verkferlum vegna notkunar framkvæmdafjár hverfisráðanna, til næstu tveggja ára.

Lagt er til að bæjarstjóri, ásamt bæjarritara og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, ákveði með hverju hverfisráði fyrir sig framkvæmd til næstu tveggja ára. Skal það gert þannig að hvert hverfisráð skili inn óskum um framkvæmdir og nokkuð vel útfærðar lausnir á verkefnum, s.s. val á tækjum eða munum, ef svo á við, í byrjun september 2020. Þegar ákvörðun um framkvæmd hefur verið tekin skal áætlun um framkvæmdina og hönnun unnin samhliða fjárhagsáætlanagerð, s.s. með gerð framkvæmdaáætlunar til tveggja ára, og við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 verði fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun fyrir hvert hverfi, sem tekur mið af „eyrnamerktu“ framkvæmdafé, auk aukins fjár frá sveitarfélaginu, sé þess þörf.

Óskir um verkefni mætti skipt upp í stærri verkefni (með óskum hverfisráð um það sem ætti að vera í forgangi, auk yfirlits yfir smærri verkefni, s.s. við fegrun svæðisins, garðslætti, hreinsun umhverfis, minniháttar lagfæringum, málun o.fl. Síðarnefndu tillögurnar mætti útfæra og vinna með starfsmönnum áhaldahúss, garðyrkjufulltrúa og vinnuskóla.

Með þessum verkferli ætti að liggja fyrir með góðum fyrirvara í hvaða verkefni skuli fara í hverju hverfi og hver fjárhörfin er. Bæjarfulltrúar, sem jafnframt eru tengiliðir hverfisráðanna, geta á þennan hátt samþykkt þau verkefni sem farið skal í og þá fjármuni sem sveitarfélagið leggur til í hvert verkefni, auk „eyrnamerks“ framkvæmdafjár. Með þessu verður jafnframt mótuð stefna við uppbyggingu í hverju hverfi fyrir sig, til næstu tveggja ára, bæði vegna stærri framkvæmda og minni óska um fegrun hverfisins.

Að hausti 2022 verður staðan endurmetin og hvort verklag reynist betur á þennan hátt en verið hefur.